

FUGLAR VIÐ FYRIRHUGAÐA HVALÁRVIRKJUN Í ÓFEIGSFIRÐI





FUGLAR VIÐ FYRIRHUGAÐA HVALÁRVIRKJUN Í ÓFEIGSFIRÐI

GREINARGERÐ

VERKNÚMÉR:	13029003	DAGS.:	2018-02-11
VERKÞÁTTUR:	003	NR.:	0002
UNNIÐ FYRIR:	Vesturverk ehf.		
VERKEFNISSTJÓRI:	Þorbergur S. Leifsson	YFIRFARIÐ:	SIAS
HÖFUNDUR:	Arnór Þ. Sigfússon		
DREIFING:	Vesturverk		

Samantekt

Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði, dagsett 3. apríl 2017 var farið fram á að gerðar yrðu frekari athuganir á fuglum í Ófeigsfirði og Eyvindarfirði í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands. Einnig að samráð yrði um það hvort niðurstöður þeirra gefi tilefni til vöktunar á afdrifum válista- og ábyrgðartegunda á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að loknum framkvæmdum.

Fuglaathuganir fóru fram dagana 25. júní og 26. júní 2017. Gengið var eftir breyttri veglínu sem fyrirhuguð er ofan við Eyri í Ingólfsfirði og um breytta veglínu á Seljanesi og fuglar taldir. Straumendur og gulendur sem sáust á sjó í Ófeigsfirði og Eyvindarfirði voru taldar og gengið var upp með Hvalá og Rjúkanda að Rjúkandafossi og upp með Eyvindará að ónefndum fossi ofarlega í ánni og fuglar sem sáust á ánum voru taldir.

Fuglalíf á sniðum á landi var sambærilegt við talningar og þéttleikamælingar sem gerðar voru 2015. Á sjó og í ósum ánni í Ófeigsfirði voru um 40% fleiri straumendur en mun færri gulendur, aðeins tvær nú en 26 árið 2015. Í Eyvindarfirði sáust 5 straumendur og 3 Gulendur á sjó og í ánni.

Út frá niðurstöðum þessara talninga og samanburði við talningar frá 2015 er ekki talin ástæða til að breyta niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar. Þá er ekki talin þörf á að vakta afdrif válista- og ábyrgðartegunda á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að loknum framkvæmdum.



Efnisyfirlit

Samantekt	i
Efnisyfirlit	ii
1 Inngangur	1
2 Rannsóknarsvæðið.....	1
3 Aðferðir.....	2
4 Niðurstöður og umræða.....	5
4.1 Talningar á landi	5
4.2 Talningar á sjó.....	5
4.3 Talningar á ám	6
4.4 Vöktun	7
5 Heimildir	8



1 Inngangur

Í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði, dagsett 3. apríl 2017 segir um áhrif á fugla:

„Í ljósi þess sem rakið er hér að framan telur Skipulagsstofnun að beita beri varúðarnálgun og afla frekari upplýsinga um fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdarinnar áður en til leyfisveitinga kemur. Ráðist verði í frekari athuganir á fuglum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, sérstaklega við Eyvindarfjarðará og við Ófeigsfjörð. Haft verði samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um tilhögun þessara athugana og einnig um það hvort niðurstöður þeirra gefa tilefni til vöktunar á afdrifum válista- og ábyrgðartegunda á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að loknum framkvæmdum.“

Í tölvupóstum sem sendir voru Náttúrufræðistofnun Íslands 31. maí og 15. júní 2017 voru settar fram tillögur um frekari athuganir í samræmi við álit Skipulagsstofnunar. Í tölvupósti frá 15. júní segir:

„Framkvæmdin sjálf, vegagerð, lón, strengleið og stöðvarhús munu fyrst og fremst hafa áhrif á algenga mófugla. Uppi á heiðinni er þéttleiki fugla mjög lítill og ekkert af fuglum á vötnum því þau eru undir snjó og ís fram eftir sumri. Á láglandi þar sem fyrst og fremst er um vegagerð að ræða eru þetta algengir mófuglar. Válistategundir sem vitað er að verpa í námunda við framkvæmdir eru svartbakur og grágæs sem ætti að vera farin af válista. Grágæs verpir aðallega í eyjum á firðinum og verður því ekki fyrir áhrifum. Svartbakar verpa eitthvað en eru skotnir af ábúendum og varpi eytt til að verja æðarvarp. Straumönd og gulönd sást í athugunum 2015 en það eru líklega mestallt fellifuglar sem ekki verða fyrir varanlegum áhrifum af framkvæmdum. Eitt straumandapar sást ofan Hvalárfoss en Pétur Guðmundsson ábúandi segist aldrei hafa séð straumönd með unga í firðinum.

Lagt er til að farið verði um láglandi í Ófeigsfirði þar sem rask verður og fuglar skráðir. Litið verði eftir straumönd og gulönd á sjó og í ósum líkt og sást 2015. Gengið verður með Eyvindará og fuglar á henni skoðaðir. Ég tel ekki tilefni til sérstakrar vöktunar framkvæmda á mófugla enda þéttleiki lítill og öryggismörk svo víð að erfitt væri að greina breytingar með vöktun á þéttleika.

Náttúrufræðistofnun Íslands féllst á þessa tillögu að frekari athugunum í tölvupósti frá Trausta Baldurssyni 21. júní 2017 en að rætt yrði um hvort þörf sé á vöktun þegar niðurstöður vettvangskonunnar liggja fyrir.

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum athugana sumarið 2017 og rætt um þörf á vöktun.

2 Rannsóknarsvæðið

Ófeigsfjarðarheiði liggur milli Ófeigsfjarðar á Ströndum og Hraundals á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp. Hún er flatlend með fjölda vatna og eru Nyrðra-Vatnalautavatn og Neðra-Eyvindarfjarðarvatn þeirra stærst. Kennileiti eru fá og heiðin er víðast gróðursnauð og landslag hrjóstrugt. Þegar kemur neðar í Ófeigsfjörð, undir 100-150 m.y.s. er vel gróið í hlíðum og til sjávar.

Rannsóknarsvæðið náði frá Eyri í Ingólfsfirði að Eyvindará í Eyvindarfirði. Í gróðurathugun sem gerð var af Náttúrufræðistofnun Íslands vegna annars áfanga rammaáætlunar¹ segir að gróðurþekja á svæðinu hafi verið lítill og að það einkennist af klapparholtum og melum. Þar sem aðstæður voru hagstæðar mátti finna vel gróna bolla og brekkur þar sem gróðurfar ber svip af snjóðældum.

¹ Starri Heiðmarsson 2008. *Gróðurfar á Ófeigsfjarðarheiði*. Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar. NÍ 08005



Mynd 1. Eyvindarfjarðará 26. júní 2017. Myndin er tekin ofarlega í farvegi árinna og sýnir hvernig gróður er aðallega að finna á bökkum árinna og í hólum.

Gróðurathugun á þeim hluta framkvæmdasvæðisins sem er á láglandi var gerð af Lilju Karlsdóttur.² Samkvæmt athugun Lilju þá er einkennist gróður neðsta hluta Hvalár af klapparholtum með um 50% gróðurþekju sem einkennist af gamburmosa og krækilyngi en í lægðum milli þeirra er mosagróður og mólendi. Mólendið er vaxið krækilyngi, bláberjalyngi og sauðamerg með lágvöxnum blómjurtum. Meðfram lækjum sem renna úr hlíðinni er jarðvegur rakari og þar er að finna fífu og starir í litlum mýrablettum.


Sjö vegarköflum frá Ingólfssfirði í Ófeigsfjörð verður breytt vegna fyrirhugaðra framkvæmda, samtals tæpir 12 km að lengd og land sem fer undir þá eru tæplega 15 hektarar. Algengasta gróðurgerð er mólendi, ýmist gróskumikið eða rýrt, samtals um 8,6 hektarar en votlendi er aðeins um 0,35 hektarar samtals auk um 1,3 hektara af hálfdeigju.

3 Aðferðir

Fuglaathuganir fóru fram dagana 25. júní og 26. júní 2017. Gengið var eftir breyttri veglínu sem fyrirhuguð er ofan við Eyri í Ingólfssfirði og um breytta veglínu á Seljanesi (mynd 2.). Fuglar á 200 metra breiðu beltinu voru skráðir niður til að fá hugmynd um hvaða tegundir væri þar að finna og algengni þeirra samanborið við punktmælingar sem gerðar voru sumarið 2015.³ Straumendur og gulendur sem sáust á sjó í Ófeigsfirði og Eyvindarfirði voru taldar. Gengið var upp með Hvalá og Rjúkanda að Rjúkandafossi og upp með Eyvindará að ónefndum fossi ofarlega í ánni (mynd 3). Fuglar sem sáust á ánum voru taldir og einnig voru fuglar sem sáust við árnar skráðir.

² Lilja Karlsdóttir 2016. Gróður á láglandi á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum Hvalárvirkjunar. Unnið fyrir Verkis. Reykjavík 2016.

³ Arnór Þ. Sigfússon 2016. Fuglar á áhrifasvæði Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði. Verkis. Reykjavík 2016.



Mynd 2 Yfirlit yfir vegagerð. Rauð lína tákna núverandi og nýja eða endurbyggða vegi eftir framkvæmdir á kaflanum frá Norðurfirði. Gráar línur utan rauðu línunnar tákna núverandi vegi eða slóða. Vegakaflar sem skoðaðir voru eru ný veglína við Eyri og við Seljanes sem sýndir eru inni í gulum hringjum.



Mynd 3. Fuglatalningar á Hvalá, Rjúkanda og Eyvindará 25. júní og 26. júní 2017. Gul brotalína sýnir gönguleiðir meðfram ám þar sem fuglar voru taldir.



4 Niðurstöður og umræða

4.1 Talningar á landi

Við fuglaathuganir á Eyri og Seljanesi sáust samtals 7 tegundir líklegra varpfugla sem er einni færri en sást við þéttleikamælingar 2015 (tafla 1.). Mjög fáir fuglar sáust á sniðinu við Eyri utan þess að talsverður fjöldi kríupara var verpandi m.a. á þaki gömlu verksmiðjunnar. Í námunda við verksmiðjuna var einnig tjaldspar en tjaldur sást ekki í sniðtalningum 2015. Áberandi var í brekkunni ofan við bæinn hve lítið var af fugli, öðrum en þúfutittlingum. Einungis sást ein heiðlóa á óðali en engir spóar, jaðrakanar, stelkar og fleiri tegundir sem búast hefði mátt við að sjá þar. Á sniðinu fannst hræ af ungum hvítmáf með tannaförum á beinum sem bendir til að það hafi verið nagað af ref og einnig sáu landeigendur á Eyri til ferða refs fyrr um sumarið (Guðjón Egill Ingólfsson munnl. upplýsingar). Ekki er ólíklegt að skýringa á lágum þéttleika mófugla á sniðinu megi leita í umgangi refa. Kríuvarp er á svæðinu en það að mestu uppi á þökum gömlu síldarbræðslunnar og yrði því ekki fyrir áhrifum vegna vegagerðar nema kannski truflun á framkvæmdatíma.

Á Seljanesi sást meira af fugli og voru þar tvær tegundir sem ekki sáust á talningasniðum 2015 (tafla 1.). Það voru stelkur og hrossagaukur en báðar þessar tegundir sáust utan sniða í talningum 2015.³ Þessar talningar leiða ekki í ljós breytingar sem hefðu áhrif á mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Allt eru þetta algengar tegundir á landsvísu og svæðisvísu og ekki á valista. Miðað við útreiknaðan þéttleika í sniðtalningum 2015 yrðu þetta einnig fáein pör sem yrðu fyrir áhrifum.

Tafla 1. Tegundir og fjöldi fugla sem sáust á sniðum við Eyri og Seljanes ásamt þeim tegundum sem sáust í sniðtalningum 2015³

Tegund	Ath. 2015	Ath. 2017	
		Eyri	Seljanes
Tjaldur		1	
Heiðlóa	+	1	2
Sandlóa	+		
Stelkur			2
Sendlingur	+		
Spói	+		1
Hrossagaukur			1
Kría		Varp	
Þúfutittlingur	+	11	4
Steindepill	+		
Sólskríkja	+		
Maríuerla	+		

4.2 Talningar á sjó

Í talningu á sjó í Ófeigsfirði og í ósum Húsár og Hvalár sáust að þessu sinni 84 straumendur, aðallega blikar og 2 gulandasteggir. Þetta er nokkuð meira af straumönd en sást 2015, þegar fjöldi straumanda var 61 en mun minna af gulönd, en 2015 sáust 26 gulendur á svæðinu.³ Bæði gulönd og straumönd sáust í Trékyllisvík og straumendur á Ingólfsfirði en ekki var talið á þessum fjörðum. Í Eyvindarfirði og ós Eyvindarár sáust 5 straumendur og 3 gulendur en ekki var talið þar 2015. Í talningu frá 1991 sem náði yfir Ófeigsfjörð og Eyvindarfjörð sáust 27 straumendur en engin gulönd.⁴ Auk straumanda og gulanda var fjöldi æðarfugla sem ekki var talinn, álfapar með 4 unga var í fjöru sunnan Hvalárósa og

⁴ Arnór Þ. Sigfússon 1992. Athugun á fuglalífi á Ströndum vegna grútarmengunar. Fréttabréf Veiðistjóra 8(1).



hávellusteggur í ósum Hvalár. Í Eyvindarfirði sást talsverður fjöldi æðarfugla á sjó auk straumanda og gulanda.

Straumendur og gulendur á svæðinu eru að öllum líkindum fuglar sem eru á leið í fellu. Á búningi straumandasteggja sást að þeir voru byrjaðir að fella fjaðrir en á þessum tíma eru fuglarnir enn fleygir. Þeir leita því enn upp í ósa ána, sérstaklega í Húsá þar sem hópar straumanda sáust á hólma í vaðinu yfir ána og voru þar að snyrta sig. Þegar þeir verða ófleygir verða þeir mun stýggari og hætta þá að leita á staði í landi þar sem þeir verða fyrir stýggð. Heldur minna var af straumönd í talningunni 1991 og engar gulendur þá að sjá en hafa verður í huga að sú talning var mánuði seinna og fuglar því orðnir ófleygir og kynnu að hafa leitað annað, á friðsælli slóðir. Mest sást þá af straumönd frá Drangavík í Bolungarvík, eða samtals um 310 fuglar.⁴

Talning á sjó í Ófeigsfirði leiddi í ljós fleiri straumendur en færri gulendur en í fyrri rannsókn. Eins og fyrr sagði þá eru fuglarnir fleygir á þessum tíma og ekki ólíklegt að talsverð hreyfing sé á þeim yfir stærra svæði. Hlutfallslega lítið var af straumönd í Eyvindarfirði og aðeins 3 gulendur. Viðbótartalning þar og endurtekning í Ófeigsfirði ætti því ekki að breyta mati á umhverfisáhrifum fyrir Hvalárvirkjun.

4.3 Talningar á ám

Við talningar á fuglum á ánum sást ekki mikið ef frá eru taldir neðstu kaflar ána, upp að Hvalárfossi í Hvalá og að efra vaði í Húsá og frá ósi Eyvindarár að neðstu flúðum. Í hólma í efra vaði yfir Húsá sáust 16 straumendur sem flugu upp og til sjávar þegar ekið var yfir vaðið. Í Hvalá voru 4 straumandasteggir skammt neðan við Hvalárfoss en engar endur sáust ofan við fossinn en 2015 var eitt þar við hyl þar sem straummælingakofi er, um 500 metra ofan og sunnan við Hvalárfoss. Á ósnum og svæðinu neðan Hvalárfoss voru einnig 1 hávellusteggur, sem áður er getið, 4 grágæsir og hópur máfa og æðarfugla í hólum þar sem vað er yfir ána. Þegar gengið var upp með Hvalá og Rjúkanda, að Rjúkandafossi sáust steindeplar og heiðlóur. Í Eyvindará sáust 3 gulendur sem áður var getið og um 100 æðarfuglar í ósnum. Rétt ofan við neðstu flúðir að sunnan sáust 2 straumandasteggir og ein kolla sem flugu til sjávar þegar gengið var framhjá þeim. Ekki sáust aðrir vatnafuglar á Eyvindará en við ósinn sáust 2 sandloupör, um 200 krúpör í hólum neðst í ánni og þá sáust heiðlóur, stelkur, sendlingur, sólskríkjur, steindeplar og maríuerla þegar gengið var upp með ánni auk eins kjóa.

Ef frá eru taldar straumendur og gulendur í ósi ána þá er mjög lítið af öndum á ánum. Eitthvað af straumönd gæti orpið við Hvalá/Rjúkanda og Eyvindarfjarðará en ef lítið er til þess hve framleiðni vatna á heiðinni er lítil svo og Hvalá/Rjúkanda og Eyvindarfjarðará þá er ekki að búast við miklum þéttleika anda á svæðinu.^{5,6} Lítið sást t.d. af bitmýi í ánum, en það er kjörfæða straumanda. Þá eru bakkar ána yfirleitt berar klappi og grjót og lítið um hávaxinn gróður þar sem andakollur gætu leitað skjóls með hreiður sín. Þar sem árnar eru ekki fiskgengar nema að neðstu fossum er búsvæði fyrir gulendur takmarkað við ósasvæðin. Þær gulendur sem sáust, aðallega steggir, eru líklega fellifuglar og ósennilegt að um varpfugla af svæðinu sé að ræða. Samkvæmt Pétri Guðmundssyni, bónda í Ófeigsfirði, hefur hann ekki orðið var við straumendur með unga á Hvalá eða Húsá.

Endurtekning á talningum á Hvalá/Rjúkanda ofan Hvalárfoss og talning á öndum á Eyvindarfjarðará ofan við neðstu fossa bendir ekki til að breyta ætti mati á umhverfisáhrifum fyrir Hvalárvirkjun. Eitt straumandapar í Hvalá 2015 og tveir steggir og kolla neðst í Eyvindará 2017 bendir til að virkjunin sé ekki líkleg til að hafa nema óveruleg áhrif á straumendur og gulendur svo og þá fugla sem verpa í námunda við árnar.

⁵ Cristian Gallo, Hulda Birna Albertsdóttir, Finnur Ingimarsson og Haraldur Rafn Ingvason 2016. *Rannsóknir á Ófeigsfjarðarheiði. Hvalá, Rjúkandaá og Eyvindarfjarðará vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda Hvalárvirkjunar*. Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík. NV nr. 4-16. 25 bls.

⁶ Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason, Kristín Harðardóttir, Stefán Már Stefánsson, Þóra Hrafnisdóttir og Cristian Gallo 2017. *Rannsóknir í ám og vötnum á Ófeigsfjarðarheiði 2017*. Náttúrufræðistofa Kópavogs, Náttúrustofa Vestfjarða. Fjölrit nr. 4-17.



4.4 Vöktun

Í álitum Skipulagsstofnunar segir að haft skuli samráð við Náttúrufræðistofnun Ísland um „það hvort niðurstöður þeirra gefa tilefni til vöktunar á afdrifum válista- og ábyrgðartegunda á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að loknum framkvæmdum“.

Virkjunin mun að öllum líkindum ekki hafa mikil áhrif á landfugla nema helst á framkvæmdatíma. Í útreikningum frá 2015 eru taldar líkur á að á helstu svæðum vegakafla yrðu þetta um tólf þör mófugla sem myndu tapa búsvæði sínu en auk þess má búast við raski hér og þar á leiðinni svo þessi tala yrði þá lítillega hærri. Til mótvægis kæmi að eitthvað svæði er talið vinnast til baka þar sem vegurinn lá áður og verður aflagður. Þar sem hér er ekki um válistategundir að ræða né sjaldgæfar á svæðisvísu eða landsvísu ættu áhrif á fuglalíf á láglandssvæðum að vera óveruleg.

Afrennsli virkjunarinnar mun koma út í ósa Hvalár neðan Hvalárfoss en í Eyvindarfjarðará mun vatnsmagn minnka. Fuglalíf á ánum er fábreytt ef frá er talið það sem er í og við ósana. Eitt straumandapar sást á Hvalá 2015, ofan við Hvalárfoss en ekkert 2017. Ofan neðstu flúða í Eyvindarfjarðará sást þrjár straumendur og í Húsá, sem ekki verður virkjuð, sást flestar straumendur. Á sjó sást hópar straumanda í Ófeigsfirði en aðeins 5 fuglar í Eyvindarfirði. Gulendur voru 3 í Eyvindarfirði og 2 í Ófeigsfirði samanborið við 26 þar sumarið 2015. Þá sást til gulanda og straumanda í Ingólfsfirði og Trékyllisvík. Í talningu árið 1999⁴ voru um 370 straumendur á svæðinu frá Veiðileysufirði í suðri að Bolungarvík þannig að ströndin öll er fellisvæði fyrir straumendur og getur verið breytilegt milli ára hver dreifing og fjöldi er. Þar geta komið til margir þættir sem eru óháðir virkjuninni, s.s. varpárangur straumanda á stóru svæði, breytileiki í fæðu, umferð báta o.fl.

Eins og áður segir eru áhrif á fuglalíf á láglandssvæðum metin óveruleg og fuglalíf á ánum er almennt fábreytt. Ef horft er til þéttleika mófugla/landfugla sem sumar hverjar teljast ábyrgðartegundir sökum þess hve stofnar þeirra hér á landi eru stórir og stór hluti heimsstofns þá er þéttleiki þeirra frekar lítill á áhrifasvæði Hvalárvirkjunar. Einnig eru öryggismörk meðalþéttleika víð sem torveldar tölfræðilegan samanburð. Því yrði erfitt að túlka þróun fuglalífs á svæðinu út frá niðurstöðum endurtekinna talninga. Þó tölfræðilegir annmarkar yrðu uppfylltir þyrfti eftir sem áður að vera unnt að meta hvort marktækar breytingar á fuglalífi megi rekja til framkvæmda við Hvalárvirkjun. Eins og fram hefur komið eru margir þættir aðrir en virkjunin, sem geti orsakað breytingar í þéttleika frá ári til árs, s.s. varpárangur og fæðuframboð. Reglubundin vöktun mun því ekki þjóna þeim tilgangi að meta raunveruleg áhrif framkvæmdanna á fuglalíf á svæðinu. Höfundur mælir því ekki með að vöktun á fuglalíf verði sett á stað.



5 Heimildir

Arnór Þ. Sigfússon 2016. *Fuglar á áhrifasvæði Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði*. Verkís. Reykjavík 2016.

Arnór Þ. Sigfússon 1992. *Athugun á fuglalífi á Ströndum vegna grútarmengunar*. Fréttabréf Veiðistjóra 8(1).

Cristian Gallo, Hulda Birna Albertsdóttir, Finnur Ingimarsson og Haraldur Rafn Ingvason 2016. *Rannsóknir á Ófeigsfjarðarheiði. Hvalá, Rjúkandaá og Eyvindarfjarðará vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda Hvalárvirkjunar*. Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík. NV nr. 4-16. 25 bls.

Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason, Kristín Harðardóttir, Stefán Már Stefánsson, Þóra Hrafnadóttir og Cristian Gallo 2017. *Rannsóknir í ám og vötnum á Ófeigsfjarðarheiði 2017*. Náttúrufræðistofa Kópavogs, Náttúrustofa Vestfjarða. Fjölrit nr. 4-17.

Lilja Karlsdóttir 2016. *Gróður á láglendi á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum Hvalárvirkjunar*. Unnið fyrir Verkís. Reykjavík 2016

Starri Heiðmarsson 2008. *Gróðurfur á Ófeigsfjarðarheiði*. Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar. NÍ 08005